

# Fundagerð Fjallskiladeildar Hvammssveitar

Fimmtudaginn 16.ágúst 2022 kom fjallskilanevnd Hvammssveitar til fundar að Magnússkógum 3 kl 20:30 mætt voru Anna Berglind Halldórsdóttir, Halldór Gunnarsson og Jón Egill Jóhannsson.

- Stjórn skipti með sé verkum, Anna Berglind formaður, Jón Egill ritari, Halldór meðstjórnandi.
- Álagning fjallskila. fjárfjöldi árið 2022 er 2232 fjár sem er fjölgun um 21 frá fyrra ári. Gerðar voru breytingar þar sem dagsverkum var fjölgað á nokkrum leitarsvæðum og verða nú í heildina 97 en voru 85. Er þetta gert í von um að auðvelda smölun og verður staðan svo tekin eftir haustið hvort breytingarnar hafi skilað árangri og einnig verði skoðað hvort breytinga sé þörf á öðrum leitarsvæðum.
- Viðhald réttar.. eitthvað er af lausum borðum og fúnum í milligjörðum sem þarf að laga. Í úthringu eru laus borð vegna endastaura sem eru grautfúnir, svo það er ekkert naglahald í þeim. Mála þarf steypuveggina í réttinni, múrviðgerðin sem gerð var fyrir 4 árum er farin að skemmast. Einnig væri gott að endurnýja aðhaldsgrindur og hafa eitthvað að styttri grindum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22:00

Fjallskilanevnd Hvammssveitar

Jón Egill Jóhannsson

Anna Berglind Halldórsdóttir

Halldór Gunnarsson